

**109. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
1. apríl 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varafirmaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1607032 - Aðalskipulag - Tjaldsvæði í Kalmansvík

Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði send umsagnaraðilum og auglýst til kynningar samkv. 30. gr. skipulagslaða nr. 123/2010. Skipulagslýsing tekur til breytinga á aðalskipulagi jafnframt því sem kynnt eru áform um deiliskipulag tjaldsvæðis við Kalmansvík.

Fyrri skipulagslýsing sem kynnt var í september 2016 fellur úr gildi með kynningu nýrrar lýsingar.

2. 1902054 - Lækjarflói 1 - fyrirspurn um frágang byggingarsvæðis í Flóahverfi

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að tímasetning framkvæmda við Lækjarflóa verði með eftirfarandi hætti:

Malbikað verið frá gatnamótum við Akrafjallsveg og út að Lækjarflóa 1 (botnlangi meðtalin á árinu 2019. Kostnaður er áætlaður um 40 til 50 millj.kr. sem er innan fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2019.

Hafin verði undirbúningur að 3 metra breiðum göngu- og hjólastíg á árinu 2019 að Flóahverfi, sem er innan fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2019.

Verkþættir við stíg eftir 2019:

Malarlag 30 millj.kr. klárað 2020, byrjað 2019.

Malbik 20 millj.kr. klárað 2021

Lýsing 15 millj.kr, klárað 2022

Þverþjóðv 35 millj.kr. fer eftir samkomulagi við Vegagerð.

3. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019.

Sviðsstjóri fór yfir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019.

4. 1902159 - Skipulagsmál - ferill og staða

Farið var yfir skjal sem sýnir stöðu þeirra skipulagsmála sem eru í gangi hjá Akraneskaupstað.

7. 1801090 - Keilufélag Akraness - rekstrarsamningur 2018

Gerður Jóhannsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrálið.

RS

Fyrirspurn um lagfæringar á húsnæði keilufélagsins og endurnýjun brauta.

Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir kostnaðaráætlun frá Skipulags- og umhverfissvíði varðandi lagfæringar á húsnæði fyrir KFA í íþróttahúsinu við Vesturgötu sbr. þarfagreiningu þar að lítandi. Þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir varðandi lagfæringar á húsnæði verður erindið tekið inn að nýju ásamt ósk KFA um endurnýjun brauta.

5. 1809059 - Aðalskipulag - Grenjar - breyting vegna Bakkatún 30-32

Breyting á aðalskipulagi Grenja hafnarsv.H3, vegna Bakkatúns 30-32 sem var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdarestur var til 27. mars 2019.

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Breytingin felst í nánari skilgreiningu á þeirri starfsemi sem heimil verður á hafnarsvæði H3.

Núverandi skipulagsákvæði er eftirfarandi:
"Uppbygging skv. deiliskipulagi"

Skipulagsákvæði verður eftir breytingu:

"Á svæðinu er gert ráð fyrir skipasmíði, skipaviðgerðum, hafsækinni starfsemi, iðnaðarframleiðslu og þjónustu við sjávarútveg, fiskiðnað og annan matvælaiðnað".

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

6. 1809055 - Deiliskipulag Grenja hafnarsv. H3 - vegna Bakkatúns 30-32

Breyting á deiliskipulagi Grenja hafnarsv.H3, vegna Bakkatúns 30-32 sem var auglýst skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdarestur var til 27.mars 2019.

Breytingar felast í því að skilgreindur er nýr byggingareitur fyrir viðbyggingu til suðvesturs frá núverandi byggingu við Bakkatún 30-32. Nýtingarhlutfall eykst úr 0.35 í 0.5. Þessu til viðbótar er svæði við Bakkatún 30 sem er skilgreint fyrir geymslugáma og brotmálma fært til norðausturs að gafli núverandi byggingar. Skilgreiningu svæðisins er breytt í að vera einnig svæði fyrir forðageymslu fyrir gas.

Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. 1903467 - Langisandur, Guðlaug, Sólmundarhöfði - Útvistarsvæði, hönnun, skipulag og framkvæmdir

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að hafin verði vinna við heildarskipulag á svæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.

*Ragnar Þórmund - Rafnir Sigurbjörnsdóttir RS
Gentur Jón. Jóhannsdóttir
Óður Óðar
Síði A.*

*Sindri Þórgísson
Steingrímur Þórðarson
Sam Þórðarson*